



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Árdís Jóna Bjarnþórsdóttir

Hrauntunga 119
200 Kópavogur

Kópavogi, 20. mars 2024
1911664/500.00 GEF

Efni: Hrauntunga 119. Lokun göngustígs.

Borist hafa kvartanir vegna lokunar á göngustíg á lóðarmörkum Hrauntungu 119, Digranesvegur 74 og Digranesvegur 76. Við nánari skoðun hefur það komið í ljós að meðferð erindis lóðarhafa Hrauntunga 119 þar sem óskað var eftir heimild til að loka göngustígnum á lóðarmörkum, fékk ekki rétta meðferð. Var erindið tekið fyrir á 155. fundi umhverfis- og samgöngunefndar þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við að lóðarhafi Hrauntungu 119 myndi girða af sína lóð og loki fyrir aðkomu göngustígsins við lóðina. Var erindinu vísað til umhverfissviðs að finna lausn á nýtingu stígsbútsins sem yrði lokað. Fékk erindið ekki frekari meðferð innan ráða eða nefnda Kópavogsbæjar.

Erindi er varðar breytingar á stígum eða götum er skipulagsmál og ber að leggja fyrir skipulagsráð. Hefði því verið nauðsynlegt að vísa erindinu inn í skipulagsráð frá umhverfis- og samgöngunefnd. Var það ekki gert áður en farið var í lokun göngustígsins.

Með hliðsjón af framangreindu liggur fyrir að lokun göngustígsins telst til óleyfisframkvæmdar. Er því beint til lóðarhafa Hrauntungu 119 að leggja inn erindi til skipulagsráðs eigi síðar en 8. apríl 2024. Ef erindi berst ekki innan tilskilins frests verður göngustígurinn opnaður að nýju og verður miðað við sama tímafrest.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Skrifstofustjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

